



## 250. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund þriðjudaginn 27. október 2009 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

**Mætt voru:**

- Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP**
- Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB**
- Símon Már Sturluson, SMS varamaður**
- Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri, EF**
- Lárus Ástmar Hannesson, LÁH**
- Berglind Axelsdóttir, BA**
- Davíð Sveinsson, DS**
- Þór Örn Jónsson, bæjarritari**

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

### 1. Fundargerðir bæjarráðs.

#### 1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 454, dags. 22.10.2009.

**Liður 1 fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 13.10.2009 (74. fundur).**

Fundargerð framlögð **liður 1** hækkun á gjaldskrá þ.e. árgjald og sektir samþykkt. Fundargerð samþykkt.

**Til máls tóku: BA,EF,LÁH,SMS og GDP**

### Lóðaumsóknir.

**Liður 13 lóðarumsókn Skipavíkur ehf., dags. 31.09.2009 um reit B á deiliskipulagi miðbæjar við Skólastíg.**

Samþykkt að úthluta Skipavík ehf. lóðina á reit B á deiliskipulagi miðbæjar við Skólastíg.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Davíð sat hjá vegna tengsla.**

**Liður 14 lóðarumsókn Narfeyri ehf., dags. 16.10.2009 um Skúlagötu 25.**

Samþykkt að úthluta Narfeyri ehf. lóðina Skúlagötu 25.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 15 lóðarumsókn Hönnu Maríu Björgvinsdóttur og Hinriks Axelssonar, dags. 14.10.2009 um Skúlagötu 23.**

Samþykkt að úthluta Hönnu Maríu Björgvinsdóttur og Hinriki Axelssyni lóðina



Skúlagötu 23.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Berglind sat hjá vegna tengsla.**

**Erindi til afgreiðslu/umsagnir.**

**Liður 32 bréf sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, dags. 12.10.2009 varðandi auglýsingu til sveitarstjórna um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2009/2010.**

Bæjarráð samþykkir að sækja um byggðakvóta fiskveiðiárið 2009-2010 og bæjarráð fagnar því hve snemma þetta er auglýst.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 34 tillaga bæjarstjóra að greiðslutilhögun vegna greiðslu gatnagerðagjalda húsa við Laufásveg (eldri hluti) og Höfðagötu (Skólastígs megin).**

Greiðslutilhögun samþykkt með áorðnum breytingum.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 35 bréf Ástu S. Kristjánsdóttur, verkefnisstjóra Snorraverkefnis, dags. 19.10.2009 varðandi stuðning við Snorraverkefnið sumarið 2010.**

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 36 skýrsla NSV um ágengar plöntur í Stykkishólmi (september 2009).**

Bæjarráð þakkar Náttúrustofu Vesturlands vel unna skýrslu. Samþykkt að vísa skýrslu til umsagnar í umhverfisnefnd.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku: LÁH,GDP og SMS**

**Liður 37 Ályktun vegna Ferjunnar Baldurs.**

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar skorar á samgönguyfirvöld að hverfa frá öllum hugmyndum um niðurskurð á ferðum Ferjunnar Baldurs yfir Breiðafjörð og ganga til samninga við rekstraraðila um áframhaldandi daglegar ferjusiglingar yfir fjörðinn. Ferjan Baldur er gríðarlega mikilvæg fyrir atvinnulíf beggja vegna Breiðafjarðar. Ferjan gegnir stóru hlutverki í aukinni samvinnu þeirra sem búa við Breiðafjörðinn. Mikilvægi ferjunnar er ekki síst í tengslum við fiskvinnslu, skólaþróun og ferðaþjónustu þar sem treyst er á tryggar ferðir allan ársins hring og mikil verðmæti eru í húfi. Bæjarstjórn vill einnig benda á að Ferjan Baldur getur verið mikilvægur hlekkur í neyðaraðstoð við Vestfirði ef vá ber að dyrum. Það er ljóst að niðurskurður myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnulíf og



búsetuskilyrði í Stykkishólmi og þar af leiðandi afkomu sveitarfélagsins. Nú þegar hefur öllum starfsmönnum á Ferjunni Baldri verið sagt upp þar sem óvissa er um áframhaldandi rekstrargrundvöll á meðan ekki er gengið til samninga og daglegar ferðir tryggðar. Ef ferðum verður fækkað tapast störf, ekki einungis í tengslum við ferjuna heldur einnig hjá þeim sem þjónustað hafa ferjuna og notendur hennar s.s. iðnaðarmönnum, verslunar- og ferðaþjónustuaðilum og fiskverkendum.

Bæjarstjórn tekur heilshugar undir þær ályktanir sem sveitarfélög og atvinnusamtök á Vestfjörðum hafa sent frá sér undanfarið varðandi ferðir Ferjunnar Baldurs.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar skorar á stjórnvöld að styðja áfram við ferjurekstur yfir Breiðafjörð þar sem daglegar ferðir yfir fjörðinn verði tryggðar.

**Til máls tóku: GDP og DS**

**Liður 38 samþykkt um forkaupsrétt Stykkishólmsbæjar að fasteignum innan sveitarfélagsins.**

Listi um forkaupsrétt Stykkishólmsbæjar að fasteignum innan sveitarfélagsins samþykktur.

**Til máls tóku: GDP,DS,EF,LÁH,ELB og SMS**

**Liður 39 fundur með stjórn Ræktunarfélags Stykkishólms, frá bæjarráðsfundi nr. 452.**

Bæjarráð samþykkir að hraða deiliskipulagsvinnu á Nýræktarsvæðinu.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku: LÁH og GDP**

**Liður 40 tillaga Gretars D. Pálssonar um nýja þjónustuíbúð og breytta félagsaðstöðu fyrir aldraða.**

**Ný þjónustuíbúð - Breytt félagsaðstaða**

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkir að aðstaðan að Skólastíg 16 á fyrstu hæð sem nú hýsir föndur og félagsstarf aldraða verði breytt í þjónustuíbúð. Jafnframt verði föndur og félagsstarf aldraðra sem þar hefur verið flutt yfir í vestari hluta svokallaðs kálfs við Tónlistarskólann.

Greinagerð.

Allnokkur spurn er eftir þjónustuíbúðum fyrir aldraða. Ofangreind tillaga er skref í átt til þess að mæta eftirspurninni með tiltölulega litlum tilkostnaði.



Nú þegar liggur fyrir að Aftanskin félag eldri borgara fær hluta kálfsins til afnota fyrir sitt félagsstarf.

Með flutningi almenns félagsstarfs aldraða í sama húsnæði er með góðu samstarfi hægt að samnýta þessar tvær stofur í kálfinum við ýmis tilefni í þágu aldraðra og jafnvel annarra, s.s. opið hús fyrir börn og unglinga.

Ekki er gert ráð fyrir öðru en að félagsstarf sem tengist Dvalarheimilinu sjálfu og dvalargestum þess verði áfram innan veggja dvalarheimilisins, ýmist í matsal eða setustofu.

Gretar D. Pálsson  
Forseti bæjarstjórnar

### **Til máls tóku: LÁH,DS,SMS,BA,EF og GDP**

#### **Liður 41 umræða var um opinber störf í Stykkishólmi.**

Hætt er við að áralöng vinna við eflingu atvinnulífsins á landsbyggðinni með fjölgun opinberra starfa utan höfuðborgarsvæðisins sé stefnt í hættu með fyrirhuguðum aðgerðum ríkisvaldsins. Opinber störf í Stykkishólmi eru hátt hlutfall af heildarstörfum í bæjarfélaginu. Hætta steðjar að þessum störfum nú þegar ríkistjórn Íslands gerir miklar kröfur um flatan niðurskurð í rekstri samhliða hugmyndum og kröfum um sameiningu fyrirtækja og stofnana með það að markmiði að ná fram enn frekari sparnaði. Sameiningar af þessu tagi bitna fyrst og fremst á fámönnum stofnunum á landsbyggðinni. Hætta er á að aukin miðstýring og fjarlægð frá vinnustöðvum verði til þess að störf sogist til Reykjavíkur að nýju.

Bæjarstjórn tekur undir ályktun Grundarfjarðarbæjar þar sem segir m.a. „Að leggja niður nokkur tveggja til tíu starfsmanna embætti á landsbyggðinni, þjónar þeim tilgangi einum að gera búsetuskilyrði lakari og draga íbúa til suðvesturhornsins. Að auki liggur fyrir að viðkomandi starfsemi, sem nú er staðsett víða utan höfuðborgarsvæðisins, mun verða sinnt frá Reykjavík eða frá örfáum stærri byggðakjörnum þannig að vandséð er í hverju sparnaðurinn liggur. Kostnaður íbúa í dreifbýli mun hins vegar margfaldast við það eitt að sækja opinbera þjónustu sem íbúar höfuðborgarsvæðisins telja að tilheyri almennum mannréttindum að hafa innan seilingar“

Bæjarstjórn fullyrðir að rekstur opinberra starfa á landsbyggðinni sé í alla staði hagkvæmari en sambærilegra starfa á höfuðborgarsvæðinu, t.a.m. er húsnæðiskostnaður á landsbyggðinni lægri en á höfuðborgarsvæðinu, launakostnaður lægri og viðvera starfsfólks meiri. Bæjarstjórn skorar á ríkisstjórn að hleypa styrkari stoðum undir opinber störf á landsbyggðinni m.a. með frekari flutningi verkefna til stofnana og fyrirtækja ríkisins sem nú þegar eru starfandi utan höfuðborgarsvæðisins.

Uppgangur og þensla undanfarinna ára var á höfuðborgarsvæðinu og þar má því vænta hagræðingarmöguleikanna. Hafa þarf í huga að samfélagsleg áhrif einnar stöðu á landsbyggðinni er margfalt meiri en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem hvert eitt stöðugildi t.d. í Stykkishólmi er á við hundrað störf á höfuðborgarsvæðinu.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hvetur alla forstöðumenn og starfsmenn fyrirtækja og stofnana sem heyra undir hið opinbera að standa á varðbergi gagnvart öllum hugmyndum er snúa að fækkun starfsmanna viðkomandi fyrirtækja og stofnana á landsbyggðinni.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar skorar á ríkisstjórn Íslands að hafa sanngirni að



leiðarljósi og gæta þess að opinberum störfum verði ekki fækkað á landsbyggðinni. Í það minnsta að hlutfallsleg fækkun á opinberum störfum á landsbyggðinni verði ekki umfram fækkun opinberra starfa á höfuðborgarsvæðinu í hlutfalli við íbúafjölda. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar er tilbúin til viðræðna við ríkisstjórn Íslands um leiðir til eflingar landsbyggðarinnar og mun jafnframt gera allt sem í hennar valdi er til að standa gegn fækkun opinberra starfa í Stykkishólmi.

Fundargerð samþykkt.

**Til máls tóku: GDP,LÁH,BA,SMS,EF og DS**

## **2. Fundargerðir nefnda.**

- 2.1. Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 13.10.2009.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.
- 2.2. Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 12.10.2009.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.3. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 08.10.2009.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.4. Fundargerð fræðslunefndar, dags. 07.10.2009.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.5. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 06.10.2009.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.6. Fundargerð umhverfisnefndar, dags. 28.09.2009.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.7. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 01.09.2009.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:15  
Þór Örn Jónsson.